



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn • Sími 464 4163

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is • www.skutustadahreppur.is

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands
101 Reykjavík

13. ágúst 2019
1908008 ÞG

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Vísað er til máls nr. S-135/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögnum nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Rétt er að koma því á framfæri að nefndin hefur haft gott samráð við sveitarstjórnir á þessu svæði við vinnslu málsins.

Fyrirætlanir um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fela í raun í sér viðamiklar friðunaraðgerðir. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er jákvæð gagnvart stofnun slíks þjóðgarðs en telur mikilvægt að eftirfarandi sé haft til hliðsjónar varðandi áframhaldandi vinnu:

- Um er að ræða stofnun þjóðgarðs sem tekur til um þriðjungs af flatarmáli landsins og því eru miklir hagsmunir í húfi og mikilvægt að vandað sé til verka og samráð haft í hvítetna á öllum stigum. Afar mikilvægt er að aðkoma heimamanna og hagsmunaaðila sé skýr og tryggð hvað varðar stækkun þjóðgarða.
- Mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt. Með stofnun þjóðgarðsins er verið að færa skipulagsvaldið að hluta til stjórnunar- og verndaráætlana, slíkar áætlanir mega aldrei takmarka eða ganga á skipulagsvald sveitarfélaganna.
- Tryggja þarf fjármagn í innviðauppbýggingu og uppbyggingar með tímasettri áætlun.
- Sveitarstjórn leggur áherslu á að ekki verði búin til ný stjórnsýslueining heldur verði þjóðgarðar landsins sameinaðir undir einni stofnun og þar með eitt rekstrarsvæði þar sem sveitarfélögin eigi sína fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins. Með því næst betri yfirsýn um rekstur þjóðgarðanna, stefnumótunin verður markvissari og betri tenging við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægt er að staða annarra þjóðgarða verði teknar saman í þessu samhengi.
- Löng hefð er fyrir nýtingarétti á miðhálandinu eins og veiðirétti og upprekstrarétti. Afar mikilvægt að svo verði áfram svo sátt náist um starfsemi þjóðgarðsins.
- Nefndinni er m.a. ætlað að koma með tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf ásamt því að skilgreina mörk þjóðgarðsins. Í textagerðinni er ekkert komið inn á atvinnustefnu sem hlýtur að vera eitt af grundvallarþáttunum, skoða þarf þann þátt mun ítarlegra.

- Í textadrögunum vantar kort sem sýna stöðu skipulagsmála í sveitarfélögunum, sem er afar mikilvægt því afmörkun þjóðgarðsins er ekki nógu skýr hvað það varðar. Mikilvægt er að meta kosti og galla þjóðgarðsins í tengslum við atvinnu- og skipulagsmál áður en skilgreining á mörkum þjóðgarðsins er römmuð inn. Verður að teljast nokkur einföldun að draga mörkin við þjóðlendurnar.
- Tekið er undir umsögn norðursvæðis VJÞ sem styður hugmyndir um nýjar þjóðgarðsgáttir við Fosshól og í Mývatnssveit sem reknar yrðu samhliða þeirri sem fyrir er í Ásbyrgi. Hins vegar er mikilvægt að tryggja sveitarfélögunum aðild að slíkri ákvarðanatöku.
- Stærsti hluti lands innan miðhálandislínunnar eða um 85% er þjóðlanda og/eða þegar friðlýst svæði innan afmörkunarinnar, sem byggir á almennri afstöðu nefndarinnar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að ekki séu forsendur til að útvíkka mörk hálandisins umfram það sem nefndin leggur til á þessu stigi, án þess að útiloka frekar útvíkkun þegar fram líða stundir.
- Enginn virkjunarkostur í Skútustaðahreppi fellur innan afmörkunar miðhálandislínunnar sem er í nýtingaflokki en Hrúthálsar eru í biðflokki. Engu að síður er mikilvægt að benda á að nýting endurnýjanlegrar orku á hálandinu getur skipt máli fyrir þjóðarhag. Mikilvægt er að miðhálandisþjóðgarður hamli ekki áframhaldandi rekstri orkumannvirkja en samkvæmt gildandi rammaáætlun og skýrslu verkefnisstjórnunar 3. áfanga eru virkjunarkostir í nýtingaflokki. Mikilvægt er að meta þessa hluti heilstætt og þar með þau áhrif sem friðanir og friðlýsingar munu hafa á nauðsynlega auðlindanýtingu í þágu orkuvinnslu enda getur hún farið mjög vel saman við meginmarkmið friðunar að öðru leyti, enda sé gætt ítrustu mótvægisáðgerða. Tekið er undir að skynsamlegt er að skipta miðhálandisþjóðgarði í nokkra verndarflokka, ekki er andstætt IUCN flokkun að skilgreina orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þakkar fyrir að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um málið og ítrekar að fá að koma áfram að ferli þessa máls gagnvart nefndinni.

*Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar Skútustaðahrepps*


 Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri
 SVEITARSTJÓRI
 SKÚTUSTAÐAHEREPPS